

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fræðslusjóð Jóns Þórarinssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður Jóns Þórarinssonar. Hann er stofnaður samkvæmt erfðaskrá Önnu Jónsdóttur ljósmyndara í Hafnarfirði 4. júlí 1978.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til framhaldsnáms efnilegt námsfólk sem lokið hefur fullnaðarprófi (stúdentsprófi eða öðru lokaprófi) við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Veitir stjórn sjóðsins fé úr sjóðnum í ofnagreiðu skyni þegar hún sér ástæðu til þess í samræmi við nánari reglur sem hún setur sér. Stjórn sjóðsins ákveður fjárhæð styrks á hverjum tíma.

4. gr.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins var kr. 4.500.000 - fjórar milljónir og fimm hundruð þúsund krónur - en höfuðstóll hans 1. janúar 2010 var 11.670.444. Leitast skal við að ávaxta sjóðinn með hæstu fánulegum bankavöxtum. Árlega má verja öllum hreinum arði sjóðsins til styrkveitinga samkvæmt ákvæðum í 3. gr. en verðbættan höfuðstól má aldrei skerða. Heimilt er að leggja arðinn af einu eða fleiri árum til hliðar og veita síðan hærri styrk en ella, en höfuðstóllinn skal ávallt vera óhreyfður.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af fé sjóðsins, árleg framlög og aðrar tekjur.

6. gr.

Skólanefnd Flensborgarskóla skipar stjórn Fræðslusjóðs Jóns Þórarinssonar. Hún er skipuð skv. lögum um framhaldsskóla eins og þau standa á hverjum tíma. Samkvæmt núgildandi lögum um framhaldsskóla nr. 82/2008 eru nefndarmenn fimm talsins skipaðir til fjögurra ára í senn af menntamálaráðherra, auk áheyrnarfulltrúa. Stjórnin ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins og hefur umsjón með reikningshaldi hans.

7. gr.

Stjórnin skal ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins árlega. Reikningsár skal vera almanaksárið og það fyrsta frá stofnun til næstu áramóta.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskráinni má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra stjórnarmanna.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir þar til bær yfirvöld. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign hans varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

10. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Nr. 194

17. febrúar 2010

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 17. febrúar 2010.

Ríkarður Másson.

Helgi Már Ólafsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 9. mars 2010